


Guðjón Bjarnason opnar sýningu á Kjarvalsstöðum á morgun.

Metamorfis

Metamorfis heitir sýning sem Guðjón Bjarnason opnar á málverkum og skúlptúrum unnum í tré og striga í austursal og austurforsal Kjarvalsstaða á morgun kl. 16-18. Við opnunina leika Slagverkshópurinn Snerta og Infernó 5 tilbrigði við verkin auk þess sem Jón Aðalsteinn Þorgilsson klarinettuleikari og Þorsteinn Gauti Sigurðsson pínanóleikari flytja rómantísk verk.

Guðjón lauk meistaragráðu í myndlist og skúlptúr við School of Visual Art í New York 1987 og meistaragráðu í arkitektúr frá Columbia Háskóla síðastliðið vor. Þetta er önnur einkasýning hans og sú fyrsta hér á landi, en hann býr og starfar í New York borg.

LG

Sinfónían fertug

Sellókonsert Jóns Leifs og Sinfónía eftir Mahler flutt á hátíðartónleikum í kvöld

Sinfóníuhljómsveit Íslands er fertug um þessar mundir og heldur af því tilefni hátíðartónleika í Háskólabíói í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 19:30 og býður afmælisbarnið öllum áskrifendum að hlýða á þá endurgjaldslaust. Á efnisskránni eru tvö verk: Sellókonsert eftir Jón Leifs og Sinfónía nr. 2 eftir Gustav Mahler. Einleikari í Sellókonsertinum verður Erling Blöndal Bengtsson og í Sinfóníu Mahlers syngja þær Signý Sæmundsdóttir og Rannveig Fríða Bragadóttir ásamt kór Íslensku óperunnar. Stjórnandi verður Petri Sakari og kórstjóri er Peter Locke.

Sinfónían var stofnuð snemma árs árið 1950 með tilstyrk Ríkisútvarpsins, sem lagði til „salon" hljómsveit sína og fjárstuðning til þess að unnt væri að ráða erlenda hljóðfæraleikara þar sem íslenska vantaði. Rekstur Sinfóníunnar var lengi vel nátengdur Ríkisútvarpinu og hefur það tvívegis rekið hljómsveitina um árabil en með lögum frá Alþingi árið 1982 var Sinfónían gerð að sjálfstæðri stofnun, sem rekin er af ríkissjóði, Ríkisútvarpinu, borgarsjóði Reykjavíkur og bæjarsjóði Seltjarnarness.

Á afmælistónleikunum flytur Sinfónían sitt fjölmennasta verkefni fram til þessa, en það er Sinfónía Mahlers. Rúmlega hundrað hljóðfæraleikarar taka þátt í flutningi Sinfóníunnar auk 70 manna kórs og tveggja einsöngvara þeirra Signýjar Sæmundsdóttur, sem síðast söng með Sinfóníunni á Vínartónleikum í janúar og Rannveigar Fríðu Bragadóttur, sem nú syngur í fyrsta sinn með hljómsveitinni. Rannveig Fríða og Signý lærðu báðar söng í Vínarborg og hefur Rannveig starfað þar síðan og er nú fastráðin við Vínaróperuna.

Dans-íslenski sellóleikarinn Erling Blöndal Bengtsson er Íslendingum að góðu kunnur. Hann er fæddur í Kaupmannahöfn 1932, hefur starfað við hljóðfæraleik og kennslu víða um lönd og er nú meðal virtustu og eftirsóttustu einleikara á Norðurlöndum. Erling Blöndal Bengtsson lék síðast á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í nóvember 1988. Þetta er í annað sinn sem hann flytur Sellókonsert Jóns Leifs með Sinfóníunni en hann frumflutti hann á tónleikum hljómsveitarinnar árið 1983.

LG



Erling Blöndal Bengtsson leikur Sellókonsert Jóns Leifs með Sinfóníunni á afmælistónleikunum í kvöld.



Petri Sakari stjórnandi



Signý Sæmundsdóttir



Rannveig Fríða Bragadóttir

